# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 320. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 11. apríl 2019 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 14:30**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Ársreikningur Snæfellsbæjar 2018 – fyrri umræða.
2) Fundargerð 303. fundar bæjarráðs, dags. 27. mars 2019.
3) Fundargerðir fræðslunefndar, dags. 25. febrúar, 2. apríl og 8. apríl 2019.
4) Fundargerð 182. fundar menningarnefndar, dags. 25. mars 2019.
5) Fundargerðir velferðarnefndar, dags. 11. mars og 2. apríl 2019.
6) Fundargerð 125. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 28. mars 2019.
7) Fundargerðir 180. og 181. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 12. mars og 2. apríl 2019.
8) Fundargerð 56. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 14. mars 2019, ásamt ársreikningi 2018.
9) Fundargerð 411. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 22. mars 2019.
10) Fundargerð 869. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. mars 2019.
11) Fundargerð aðalfundar Búnaðarfélags Staðarsveitar, dags. 28. mars 2019, ásamt ályktunum félagsins, annars vegar varðandi ósk um að stofnanir Snfællsbæjar fái sem mest af góðum innlendum landbúnaðarafurðum og hins vegar varðandi þau umhverfisverkefni sem verið hafa í gangi.
12) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 27. mars 2019, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Boðvíkur ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Jaðri 11 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
13) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 2. apríl 2019, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Hellna ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Kjarvalströð 1 á Hellnum, Snæfellsbæ.
14) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 2. apríl 2019, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Hellna ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Kjarvalströð 14 á Hellnum, Snæfellsbæ.
15) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 3. apríl 2019, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Verslunarinnar Hrundar ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, að Mýrarholt 5 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
16) Bréf frá N4 Sjónvarp, dags. 8. apríl 2019, varðandi ósk um samstarf við Snæfellsbæ um gerð þáttaraðarinnar Að vestan árið 2019.
17) Bréf frá skipulags- og byggingafulltrúa, dags. 8. apríl 2019, varðandi samþykki bæjarstjórnar á endurauglýsingu deiliskipulags vegna ferðaþjónustu á Arnarfelli.
18) Bréf frá fræðslunefnd, dags. 8. apríl 2019, varðandi eldvarnarhurðir á leikskólanum Kríubóli.
19) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 9. apríl 2019, varðandi tímasetningu skólaslita Grunnskóla Snæfellsbæjar.
20) Bréf frá skipulags- og byggingafulltrúa, ódags., varðandi lækkun á umferðarhraða og fjölgun umferðarmerkja.
21) Áætlun um tekjur og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019.
22) Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 27. mars 2019, varðandi tilmæli vegna skjalavörslu og skjalastjórnun í Snæfellsbæ.
23) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 4. apríl 2019, varðandi akstursþjónustu fyrir fatlað fólk 2019.
24) Yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. apríl 2019, varðandi lífskjarasamninga 2019-2022.
25) Bréf frá Brunabót, dags. 25. mars 2019, varðandi styrktarsjóð EBÍ 2019.
26) Fréttatilkynning afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.
27) Húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2019-2027
28) Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar
29) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 9. apríl 2019**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

**303. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 27. mars 2019 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Fundarboð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 3. apríl 2019, ásamt ársreikningi.**
Lagt fram til kynningar.

2) **Yfirlit yfir aðalfundadag Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 3. apríl 2019.**
Lagt fram til kynningar.

3) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 30. janúar 2019, varðandi aukafjárveitingu vegna ofns. Áður lagt fyrir bæjarstjórn í febrúar 2019.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu að upphæð kr. 900.000.- til kaupa á ofni.

4) **Bréf frá Nesver ehf., dags. 15. mars 2019, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar í Þorstein SH-145, skipaskr.nr. 2820.**
Júníana vék af fundi undir þessum lið.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti Snæfellsbæjar að bátnum Þorsteini SH-145, skipaskrárnúmer 2820.
Júníana kom aftur inn á fund.

5) **Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 25. febrúar 2019, varðandi afstöðu sveitarfélagsins til stækkunar verndarsvæðis Breiðfjarðar.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til umhverfis- og skipulagsnefndar, og þaðan til bæjarstjórnar til frekari umræðu.

6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. mars 2019, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Boðvíkur ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Lækjarbakka 5 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Boðvíkur ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús, að Lækjarbakka 5 á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

7) **Bréf frá framkvæmdastjóra Jeratúns ehf., dags. 19. mars 2019, varðandi hlutafjáraukningu 2019.**
Bæjarráð samþykkti hlutafjáraukninguna samhljóða, enda er gert ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun ársins.

8) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. mars 2019, varðandi áform ríkisstjórnarinnar að skerða tekjur jöfnunarsjóðs, ásamt skýringum á fyrirhugaðri skerðingu.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar mótmælir harðlega þeirri einhliða ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 3,3 milljarða króna á næstu tveimur árum. Í málefnum sem þessum er nauðsynlegt að samráð sé haft milli þeirra aðila sem að málefninu koma. Einhliða ákvörðun sem þessi grefur undan annars ágætu samstarfi ríkis og sveitarfélaga og á sér ekki fordæmi í samskiptum þessara tveggja stjórnsýslustiga.
Skerðing á tekjum jöfnunarsjóðs hefur gífurleg áhrif á sjálfsákvörðunarrétt og fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga. Hjá Snæfellsbæ einum og sér, mun þessi ákvörðun skerða tekjur sveitarfélagsins um tæplega 50 milljónir á því tímabili sem um ræðir

Bæjarráð Snæfellsbæjar tekur heilshugar undir með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og krefst þess að þessi einhliða ákvörðun verði dregin til baka og viðræðum verði komið á milli aðila sem myndi stuðla að ásættanlegri lausn málsins.

9) **Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 18. mars 2019, varðandi almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.**
Lagt fram til kynningar.

10) **Bréf frá Útlendingastofnun, dags. 13. mars 2019, varðandi forathugun á vilja bæjarráðs til að gera þjónustusamning við Útlendingastofnun vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd.**
Bæjarráð er jákvætt fyrir þessu verkefni og telur að það væri gott að geta tekið þátt í því. Hins vegar hefur verið töluverður húsnæðisskortur í sveitarfélaginu, sem myndi að öllum líkindum hamla þátttöku að svo stöddu. Snæfellsbær er samt sem áður tilbúinn til að skoða alla möguleika sem gætu verið í stöðunni, og þá í samráði við Útlendingastofnun og Íbúðalánasjóð.

11) **Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 14. mars 2019, varðandi heimildir sveitarstjórna til að fela öðrum aðilum innan stjórnkerfis sveitarfélaga ákvörðunarvald um ráðningu starfsmanna.**
Lagt fram til kynningar.

12) **Bréf frá jafnréttisstofu, dags. 19. mars 2019, varðandi beiðni um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til velferðarnefndar til skoðunar.

13) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum á Lýsuhóli.
b) Bæjarstjóri sagði frá vatnsmálum á Arnarstapa.
c) Bæjarstjóri sagði frá klæðningarframkvæmdum við Hjarðartún 4-6.
d) Bæjarstjóri sagði frá því að framkvæmdum sem staðið hafa yfir við sjóvarnir á Hellissandi er lokið.
e) Bæjarstjóri sagði frá því að húsnæðisáætlun sé að verða tilbúin, einungis er eftir að lagfæra einstök atriði skv. athugasemdum Íbúðalánasjóðs.
f) Bæjarstjóri sagði frá fundi starfshóps um íbúðir fyrir fatlaða.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:59**

Júníana Björg Óttarsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

# Fundur fræðslu- og skólanefndar þann 25.febrúar 2019, klukkan 20:00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar

Mættir: Þorbjörg, Sigrún Erla, Monika, Gunnsteinn og Kristgeir

1. Rætt um stöðu Kríubóls varðandi eldvarnarhurðir, en eins og kom fram á síðasta fundi greindi Inga leikskólastjóri frá því að það vanti 2 slíkar hurðir eftir breytingar sem gerðar voru á húsnæðinu fyrir mörgum árum. Kristgeir heyrir í bæði Svan slökkviliðsstjóra og Matthías Páli um þetta mál. Ákveðið að leitað verði til leikskólastjóra og óskað eftir bæði teikningum af húsnæðinu auk skýrslum frá brunaeftirlitinu fyrir næsta fund.
2. Fyrirhugaðar breytingar á salernisaðstöðu nemenda GSNB rætt. Svo virðist sem mikil umræða sé í samfélaginu um þessar breytingar, þ.e. að sameina salernisaðstöðu kynja (unisex salerni). Ákveðið að fá betri kynningu á þessum breytingum frá skólastjóra á næsta fundi.

Fundi slitið kl 21:15.

## Fundur 2.apríl 2019kl 20:00 í húsnæði Grunnskóla Snæfellsbæjar Ólafsvík

Mættir: Monika, Gunnsteinn, Shakira (varamaður fyrir Kristgeir), Þorbjörg og Sigrún Erla

- Hilmar skólastjóri mætir:
    - Sigga Dögg kynfræðingur hitti nemendur í 8.-10.b. kynjaskipt, auk kennara og foreldra.
    - Drög að skóladagatali kynnt og rætt.
    - GSNB norðan heiða fékk Grænfánann afhentan í sjötta sinn.
    - Hilmar segir frá teymiskennslu.
    - Hilmar segir frá niðurstöðum skólaþings GSNB. Ein tillagan var að fara í samstarf við Frystiklefann sem GSNB norðan heiða er kominn í. Byrjað verður á 6 vikum, þar sem Kári fer inn í alla bekki.
    - Hugmynd Hilmars að breytingum á salernisaðstöðu nemenda var hafnað af bæjarstjórn á síðasta bæjarstjórnarfundi. Fyrirhuguðum breytingum verða því með öðru sniði, þ.e. salernin verða áfram kynjaskipt en færð til og hvert og eitt lokað af til að tryggja meira næði. Eins á að gera breytingar á salernisaðstöðu starfsmanna í Ólafsvík.
    - Hilmar fer af fundi.
- Inga leikskólastjóri mætir:
    - Leikskóladagatal lagt fyrir fyrir næsta vetur. Hefðbundið. Inga óskar eftir 2 starfsdögum í kringum uppstigningardag 2020 og fara með starfsfólk sitt til Alicante á námskeið í „Leikur að læra". Nefndaraðilar samþykkir þessari hugmynd.
    - Inga kemur með skýrslu frá eldvarnareftirlitinu síðan í september 2017 að ósk nefndar. Athugasemdir gerðar við brunavarnarkerfin á báðum starfsstöðum auk þess sem vantar 2 eldvarnarhurðar í Kríubóli. Inga hefur óskað eftir eldvarnarhurðum 2015, 2016 og 2017. Bæjartæknifræðingur var í hvert skipti sett í málið.
    - Framkvæmdir á næstunni: Skipta þarf um glugga á gulu deild á Krílakoti, kaupa þarf nýjan ofn í Krílakoti auk þess að klára að mála veggi á báðum leikskólum.
    - Nýlega var gerð bæði foreldra-og starfsmannakönnun. Ekki komnar niðurstöður úr þeim.
    - Inga skráði leikskólanna í „Heilsueflandi leikskóla" hjá Embætti landlæknis. Það verður verkefni næsta skólaárs.
    - Inga fer af fundi.
- Valentina mætir á fund:
    - Rætt um starfsemina. 4 nemendur tóku þátt í Nótunni (uppskeruhátíð) í Borgarnesi 23.mars. Nemendur stóðu sig mjög vel.
    - 5. 6. og 7.maí verða vortónleikar Tónlistarskólans. 5.maí verða tónleikar fullorðinna nemenda. Allir velkomir.
    - Vorpróf voru í mars og tókust mjög vel. Tónfundir voru í febrúar.
    - Skóladagatal rætt, sömu starfsdagar og hjá GSNB.
- Fundi slitið Kl. 21:41.

Fundur 8/4 2019 kl 20:00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar

Mættir: Gunnsteinn, Monika, Þorbjörg og Sigrún

- Sigrún les fyrri fundargerðir og nefndarmenn samþykkir.
- Farið yfir teikningar á Kríubóli. Bréf gert til bæjarstjórnar.

Fundi slitið 20.30

Menningarnefnd Snæfellsbæjar
182.fundur
Þriðjudagur 25.mars 2019 kl. 12:00 – 13:00 Veitingarstaðurinn Hraun, Ólafsvík.

Fundinn sátu: Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ámundsson, Ragnheiður Víglundsdóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá

**Listastyrkir**
Menningarnefnd vill leggja til nýtt verkefni á vegum nefndarinnar sem snýr að styrkveitingum til ungra listamanna ættaða frá Snæfellsbæ til að koma og deila sköpun sinni í heimabyggð.
Hugmyndin er að veita ungu listafólk og hönnuðum á aldrinum 20 - 35 ára sem hafa lokið námi eða eru við nám í viðurkenndu lista- eða hönnunarnámi styrk til að skapa viðburð eða deila sköpun sinni í Snæfellsbæ á árinu 2019.
Veittir væru tveir styrkir að hámarki 300 þúsund krónur hver.

**Snæfellsbæingur ársins 2019**
Menningarnefnd ákveður að breyta fyrirkomulagi á kosningu Snæfellsbæings ársins.
Á næstu vikum mun nefndin óska eftir ábendingum um þá aðila sem gætu hlotið nafnbótina Snæfellsbæingur ársins.
Kosning verður útfærð á rafrænan máta og mun atkvæði íbúa skiptast til helminga á móti vali nefndar.

**Önnur mál**
Nefndin ætlar að kanna hvort grínhópurinn Mið-Ísland sjái sér fært um að kíkja til okkar á næstunni.

Ekki fleira rætt, fundi slitið kl. 13.

11.Mars 2019

Fundargerð Velferðarnefndar Snæfellsbæjar

Fundur haldinn í ráðhúsi Snæfellsbæjar Mánudaginn 11 Mars 2019

Fundinn sátu: Þórun, Hafþór, Gunnhildur, Guðrún og Andri

Gunnhildur setur fund kl 20:00

Dagsskrá:

1. Samstarf með öldrunarráði. Fyrirlestur verður haldin af Janusi Guðlaugssyni um heilsueflingu 20 Mars næstkomandi fyrir 60+ ára á vegum velferðarnefndar og öldrunarráðs.

2. Fundur með forráðamönnum starfsmanna í smiðjunni, félagsþjónustunni og bæjarstjóra Snæfellsbæjar sem velferðarnefnd kom á fimmtudaginn 14. Febrúar síðasliðin.

3. Önnur mál. Formaður segir frá skólaþingi Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Fundi slitið 21:00

2 Apríl

Fundargerð Velferðarnefndar Snæfellsbæjar

Fundur haldinn í ráðhúsi Snæfellsbæjar Mánudaginn 2 Apríl 2019

Fundinn sátu Gunnhildur, Hafþór, Þórunn og Andri

Gunnhildur setur fund kl 20:00

Dagsskrá:

1. Farið yfir Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar.
   Samþykkt án athugarsemda.
2. Farið yfir fyrirlesturinn hjá Janusi í heilsueflingu.
   Vel var mætt og almenn ánægja með viðburðinn
3. Önnur mál.
   - Gunnhildur greinir frá fundi sem samráðshópur um búsetu og þjónustu um byggingu þjónustuíbúða var með og fagnar velferðarnefnd því.

Fundi slitið 21:00

Drífa Skúladóttir Halldór
Kristinsson Illugi Jens Jónasson
Davíð Viðarsson Magnús
Eiríksson Auður Kjartansdóttir

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 125125. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 28. mars 2019 og hófst hann kl. 09:15.**

**Fundinn sátu:**
Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson og Auður Kjartansdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

1. **Fellaslóð_Óveruleg breyting deiliskipulags við Fellaslóð á Arnarstapa - 1903007**

Gerð er óveruleg breyting á deiliskipulagi sem var skráð sem ferðaþjónusta að Arnarfelli á Arnarstapa og lóð Snæfells. Breytingin tekur til svæðis fyrir verslun og þjónustu við Fellaslóð.
Stærð og lögun lóða nr. 2 og 3 við Fellaslóð er breytt, rafstrengur er fluttur og gert er ráð fyrir spennistöð vestan lóðar nr. 3 við Fellaslóð. Austasti reitur fyrir stöðuleyfi er minnkaður vegna spennistöðvar.
Skipulagsskilmálar verða óbreyttir að öðru leyti en því að á lóð nr. 2 má reisa allt að 160 fm. hús vegna stækkunar lóðar. Auk þess er heimilt að reisa tengibyggingu eða yfirbyggða gönguleið milli lóða nr. 1 og 2 við Fellaslóð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

2. **Ólafsbraut 20_North Star apartments ehf. sækir um breytingar inni og leggja fyrir raunteikningar - 1903004**

North Star apartments ehf. sækir um leyfi til að opna á milli rýma í stigahúsi til að fjölga flóttaleiðum. Þeir skila jafnframt inn raunteikningum til samþykktar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki umsagnaraðila.*

3. **Músaslóð 6_Helga Birkisdóttir sækir um leyfi fyrir 30 fm. gestahús - 1903006**

Helga Birkisdóttir sækir um leyfi fyrir 30 fm. gestahúsi utan við Músaslóð 6.
Teikningum verður skilað inn við samþykki.
Einnig óskar hún eftir að setja upp 25 fm. geymsluhús utan við Músaslóð 6.
Ef þetta verður ekki samþykkt óskar hún eftir að fá að setja upp 2x 15 fm. kofa á lóðinni.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir eiganda á gildandi deiliskipulag. Þar segir að á hverri lóð má reisa aðalhús og aukahús samanlagður brúttó gólfflötur má vera alls 120 fermetrar. Á lóðinni er þegar 93 fermetrar hús og því aðeins 27 fermetrar eftir undir*

*gestahús. Skila þarf inn fullnægjandi teikningum og gögnum fyrir slíku húsi. Einnig er leyfilegt að reisa eitt smáhýsi að hámarki 15 fermetra undir geymslu á hverri lóð. Varðandi fyrirhuguð hús á lóð er bent á skilamál í deiliskipulagi er snúa að mænisstefnu, hæð og öðru. Ásamt leiðbeingum Mannvirkjastofnunnar um smáhýsi. Varðandi lóð þína að Jaðri 9 þá er hún fullbyggð m.v. skipulag og því aðeins hægt að koma fyrir 15 fermetrar geymsluskúr þar.*

**4. Fellaslóð_Birkisól ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir söluvagni - 1902002**

Birkisól ehf. fékk úthlutað stöðuleyfi fyrir söluvagn á síðasta fundi nefndarinnar. Leyfið var með fyrirvara um að gerð yrði grein fyrir útliti og stærð vagnsins áður hann kæmi á svæðið.
Nú hefur borist mynd af útliti fyrirhugaðs vagns.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tók erindið fyrir og samþykkir en ítrekar bókun vegna stöðuleyfis frá síðasta fundi.*

*Gerð er sú krafa að útlit söluvagns/söluskála fari vel í umhverfinu, að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi á þeim stað sem salan á að eiga sér stað.*

*Gera þarf grein fyrir stærð vagnsins.*

**5. Grundarslóð 12_Þorgeir Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 1903001**

Þorgeir Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi að Grundarslóð 12 yfir sumarmánuðina.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

**6. Fellaslóð 1_Helga Birkisdóttir óskar eftir að setja upp salernisgám - 1903005**

Helga Birkisdóttir sækir um leyfi til að setja upp salernisgám vinstra megin fyrir utan Stapann sem yrði annaðhvort einfaldur eða tvöfaldur gámur. Hann yrði klæddur með sama bárujárni eins og er á Stapanum og yrði líklega settur upp í júní 2019

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að erindið að því gefnu að gámurinn verði klæddur. Sé ætlunin að láta hann standa lengur en eitt ár þá sé farið fram á að gámurinn verði skráður sem hluti að húsinu.*

**7. Bæjartún_Knattspyrnudeild Víkings Ó. sækir um leyfi til að setja upp gáma fyrir sjónvarpsútsendingar - 1903002**

Knattspyrnudeild Víking Ó. óskar eftir því að fá að setja upp gáma fyrir sjónvarpsútsendingar í Inkasso deild karla sumarið 2019. Staðsetning skv. meðfylgjandi mynd, yrði á milli varamannaskýla vallarins við Bæjartúnið.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

**8. Lionsklúbbur Nesþinga_hraunveggir við bæjarkjarna (Rif-Hellissandur) með nöfnum kjarnanna - 1903003**

Ari Bent Ómarsson sækir um leyfi f.h. Lionsklúbbs Nesþinga, að hlaða hraunvegg við innkomu á Rif og Hellissand og festa nöfn kjarnanna á hleðsluna. Hugmyndin er að auglýsa bæinn frekar fyrir ferðalanga og vekja stolt bæjarbúa.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og fagnar framtakinu. Óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar.*

**9. Ólafsbraut 66 - Óleyfisframkvæmd - 1710005**

Eigendur íbúðar 0201 eru með svalir og viðbyggingu í óleyfi, þeim var sent bréf þess efnis en ekki hefur verið brugðist við. Umhverfis- og skipulagsnefnd gaf eigendum frest til 20. mars 2019 til að skila þeim gögnum sem vantar. Engin gögn hafa borist og því er farið fram á aðgerðir til að nýja fram úrbætur.

*Gefinn er lokafrestur til 30. apríl til að skila inn gögnum. Með vísan til 2. mgr. 56. gr. mannvirkjalaga skulu dagsektir að fjárhæð 10.000 kr. á dag falla á eigendur mannvirkisins hafi tilskyldum gögnum ekki verið skilað inn. Dagsektir eru frá og með 1. maí í samræmi við 56. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.*

*Þá verði byggingarfulltrúa veitt heimild til að fjarlægja óleyfisframkvæmdir við Ólafsbraut 66 á kostnað eigenda mannvirkisins, eftir 1. júlí 2019.*

*Dagsektir og kostnað vegna aðgerða á vegum byggingarfulltrúa verða innheimtar með fjárnámi og hefur Snæfellsbær lögveð fyrir kröfu sinni í eignarhluta eigenda 0201, fasteignanúmer: F2103791.*

**10. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2019 - 1901006**

Sorpmál_Lilja Þorsteinsdóttir frá Gámaþjónustu Vesturlands kemur á fundinn og fer yfir starfsemi Gámaþjónustunnar, sorptölur, ferla í endurvinnslu og sorpmál almennt í Snæfellsbæ.

**Gestir**

Lilja Þorsteinsdóttir - 00:00

*Lilja Þorsteinsdóttir fór yfir sorpmál í Snæfellsbæ og starfsemi Gámaþjónustunnar.*

*Ljóst er að auka þarf fræðu um sorpmál í Snæfellsbæ. Sniðugt væri að útbúa myndbönd til leiðbeiningar.*

*Mikill umræða skapaðist um úrgang frá bátum.*

*Lilju Þorsteinsdóttur er þakkað fyrir fróðlegt erindi.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50.**

Auður Kjartansdóttir

**Opinber útgáfa fundargerðar 180. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga**

***Fundarstaður;*** Fundarstaður: Ráðhúsi Grundarfjarðarbæjar
***Dagsetning;*** þriðjudaginn 12. mars, 2019
***Fundartími;*** Kl. 16:30

***Mættir:*** *Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Hildur Lára Diego, Guðbjörn Ásgeirsson og Eygló Bára Jónsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir félagsráðgjafi og Sveinn Þór Elinbergsson forstöðumaður FSS.*

**Dagskrá:** **Meðferð máls**

1. Ragnheiður Harpa setti fund og stýrði í fjarveru formanns og varaformanns.

2. **Trúnaðarmál, skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða*

   *(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar Snæfellinga)*

3. **Úrskurður félagsmálanefndar** *umræða – afgreiðsla*

   *(...fært í trúnarðabók félagsmálanefndar)*

4. **Önnur mál:**

   a) Næsti fundur félagsmálanefndar , nr. 181, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Stykkishólmsbæjar, þriðjudaginn 2. apríl n.k. kl. 16.30

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 19.05

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

*Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir*
*(sign.)*

*Hildur Lára Diego*
*(sign.)*

*Eygló Bára Jónsdóttir*
*(sign.)*

*Guðbjörn Ásgeirsson*
*(sign.)*

## Opinber fundargerð 181. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

*Fundarstaður;* Fundarstaður: Ráðhús Stykkishólmsbæjar
*Dagsetning;* þriðjudaginn 2. apríl, 2019

*Mættir:* *Berghildur Pálmadóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Birta Antonsdóttir, Sigrún Þórðardóttir, boðaði forföll; Guðbjörn Ásgeirsson í forföllum Guðrúnar Kristinsdóttur; Ingveldur Eyþórsdóttir, félagsráðgjafi og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.*

**Dagskrá:** **Meðferð máls**

1. Berghildur Pálmadóttir, formaður, setti fund og stýrði..

2. **Trúnaðarmál, skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða*

   *(..fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*

3. **Staðfesting félagsmálanefndar** *umræða – afgreiðsla*

   *(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*

4. **Úttekt á hæfi umsækjenda um að gerast fósturforeldrar hjá Barnaverndarstofu**

   *(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*

5. **Önnur mál:**

   a) Næsti fundur félagsmálanefndar , nr. 182, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Snæfellssbæjar, þriðjudaginn 4. maí n.k.

   b) Starfseflingarnámskeið FSS fyrir starfsfólk Smiðjunnar og Ásbyrgis fer fram n.k. föstudag 5. apríl í Lionshúsinu í Stykkishólmi

   c) Starfseflingarnámskeið FSS fyrir skólastjóra og millistjórnenda leik- og grunnskóla Snæfellsness fer fram í Samkomuhúsi Grundarfjarðar föstudaginn 12. apríl n.k.

   d) Sameiginlegur starfseflingar- og samvinnudagur barnaverndarstarfsmanna á Vesturlandi verður haldinn í Snæfellsbæ mánudaginn 8. apríl n.k.

   e) FSS mun fljótlega auglýsa laus til umsóknar starf talmeinafræðings sem og félagsráðgjafa

   f) Nýr samráðshópur og stjórn FSS um byggingu þjónustuíbúðakjarna í Ólafsvík, hófu samstarf á fundi miðvikudaginn 22. mars sl.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 19.00

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

# Jeratún ehf. kt. 501203-2030

## Fundargerð

**56. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,**
**haldinn í Ráðhúsi Grundarfjarðar, fimmtudaginn 14. mars 2019, kl. 11:00.**

Mætt: Sturla Böðvarsson, formaður, Kristinn Jónasson (í síma), Hinrik Konráðsson, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Jónas Gestur Jónasson, lögg. endurskoðandi.

*Gengið var til dagskrár:*

1. **Ársreikningur 2018**
   Ársreikningur ársins 2018 lagður fram. Jónas Gestur fór yfir og kynnti ársreikninginn.

   Ársreikningur samþykktur samhljóða.

2. **Greiðsluáætlun**
   Lögð fram greiðsluáætlun næstu fjögurra ára.

3. **Tillaga um aukningu hlutafjár**
   Tillaga um að hlutafé félagsins verði aukið um 4 millj. kr.

   Samþykkt samhljóða.

4. **Önnur mál**
   Rætt um næsta hluthafafund. Ákveðið að hann verði haldinn 29. apríl nk., kl. 11:00.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:34.

Sturla Böðvarsson

Kristinn Jónasson í síma

Hinrik Konráðsson

Sigurlaug R. Sævarsdóttir

# Jeratún ehf.

Ársreikningur

# 2018

Jeratún ehf.
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður
kt. 501203-2030

# Jeratún ehf.

Ársreikningur

# 2018

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 2-4 |
| Skýrsla stjórnar | 5 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Yfirlit um breytingar á eigin fé | 9 |
| Skýringar | 10-19 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og hluthafa Jeratúns ehf.**

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jeratúns ehf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Jeratúni ehf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Rekstrarhæfi**

Við viljum vekja athygli á skýringu númer 16 með ársreikningnum sem inniheldur viðeigandi lýsingu á óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins og þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til þannig að áframhaldandi rekstrarhæfi sé tryggt. Þetta leiðir þó ekki til að álit okkar sé sett fram með fyrirvara.

**Megináherslur við endurskoðunina**

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2018. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

| **Megináhersla á endurskoðun** | **Hvernig við endurskoðuðum megináherslur** |
|---|---|
| Óvissa um rekstrarhæfi | |
| *Eins og sjá má í skýringu 16 og hér fyrir ofan í kaflanum um rekstrarhæfi þá er til staðar óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins.*<br><br>*Ársreikningur félagsins er settur fram miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi sé til staðar og eignir félagsins metnar miðað við það.*<br><br>*Sökum mikilvægis rekstrarhæfis þá höfum við ákvarðar það sem megináherslu við endurskoðun okkar.* | *Við endurskoðun okkar á rekstrarhæfi félagsins þá höfum við farið yfir aðferðarfræði stjórnenda við gerð rekstrar- og greiðsluáætlun félagsins. Við höfum farið yfir helstu forsendur stjórnenda sem notaðar eru við gerð áætlananna og hvort þær séu ásættanlegar. Jafnframt höfum við farið yfir áætlanir um fyrirhugaða hlutafjárhækkun til að mæta sjóðspurf félagsins á árinu 2019.*<br><br>*Einnig förum við yfir skýringu um rekstrarhæfi til að tryggja að fullnægjandi væri greint frá óvissunni um rekstrarhæfi.* |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Aðrar upplýsingar**

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdarstjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Jeratúns ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

## Áritun óháðra endurskoðenda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir

Kópavogi, 14. mars 2019.

**Deloitte ehf.**

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Pétur Hansson
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Jeratúns er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.
Jeratún ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.
Hagnaður Jeratúns ehf. á árinu 2018 nam kr. 34.830.220. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 450.060.333 eigið fé í árslok er kr. 216.372.218 og er eiginfjárhlutfall félagsins 48,08%.

Hlutafé í Jeratúni ehf. var aukið um kr. 8.000.000 en atkvæðahlutdeild eigenda breyttist ekki við aukningu á hlutafénu. Hlutafé í lok árs er kr. 271.500.000 og skiptist þannig:

| | Nafnverð | Hlutdeild 2018 | Hlutdeild 2017 | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| Stykkishólmsbær | 73.306.638 | 27% | 27% | 0% |
| Grundarfjarðarbær | 76.019.375 | 28% | 28% | 0% |
| Snæfellsbær | 119.457.721 | 44% | 44% | 0% |
| Helgafellssveit | 2.716.266 | 1% | 1% | 0% |

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Jeratún ehf. á og leigir út skólahúsnæðið að Grundargötu 44, enginn starfsmaður er á launaskrá hjá félaginu.
Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31.júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru kr. 64.934.034 á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Jeratúns ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Með breytingum á ársreikningslögum sem tóku gildi á árinu 2016 voru settar fram kröfur um að einingar tengdar almannahagsmunum sýndu í yfirliti í skýrslu stjórnar tilteknar ófjárhagslegar upplýsingar. Félagið er smátt í sniðum og engir starfsmenn vinna fyrir það, af þeim sökum hefur stefna um ófjárhagslegar upplýsingar ekki verið mótuð.

Stjórn og framkvæmdastjóri Jeratúns ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Grundarfirði, 14. mars 2019.

Í stjórn

Sturla Böðvarsson
Stjórnarformaður

Kristinn Jónasson

Hinrik Konráðsson

Framkvæmdastjóri

Sigurlaug R. Sævarsdóttir
Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 64.934.034 | 63.453.914 |
| Annar rekstrarkostnaður | | (6.208.295) | (7.302.386) |
| Afskriftir | 8 | (4.369.159) | (4.357.744) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 54.356.580 | 51.793.784 |
| Fjármunatekjur | 6 | 311.612 | 206.975 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (19.837.972) | (19.044.158) |
| **Heildarafkoma ársins** | | 34.830.220 | 32.956.601 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| Eignir | Skýr. | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 420.715.366 | 425.084.525 |
| | | 420.715.366 | 425.084.525 |
| **Veltufjármunir** | 9 | | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 68.552 | 41.395 |
| Handbært fé | | 29.276.415 | 23.286.581 |
| | | 29.344.967 | 23.327.976 |
| **Eignir** | | 450.060.333 | 448.412.501 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 10 | | |
| Hlutafé | | 271.500.000 | 263.500.000 |
| Ójafnað tap | | (55.127.782) | (89.958.002) |
| Eigið fé | | 216.372.218 | 173.541.998 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 11 | 181.094.378 | 222.857.340 |
| | | 181.094.378 | 222.857.340 |
| **Skammtímaskuldir** | 13 | | |
| Viðskiptaskuldir | | 100.000 | 300.060 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 49.008.342 | 47.465.175 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.485.395 | 4.247.928 |
| | | 52.593.737 | 52.013.163 |
| Skuldir | | 233.688.115 | 274.870.503 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 450.060.333 | 448.412.501 |

# Fundargerð 411. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, föstudaginn 22. mars kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Lúðvík Geirsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Björn Arnaldsson og Pétur Ólafsson. Í fjarfundarbúnaði voru Guðný Hrund Karlsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir og Guðmundur M Kristjánsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 410. fundar - 1901002HA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 410. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 15. febrúar 2019.

   *Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

2. **Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2018 - 1903005HA**

   Lögð fram drög að ársreikningi hafnasambandsins fyrir árið 2018.

   *Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.*

Guðný Hrund Karlsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:10.

3. **Eftirlit Fiskistofu - skýrsla Ríkisendurskoðunar - 1901008HA**

   Lögð fram til kynningar stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á eftirlitshlutverki Fiskistofu, dags. í desember 2018.

   *Með vísan til samstarfsyfirlýsingar Hafnasambands Íslands og Fiskistofu frá 2018 beinir stjórn hafnasambandsins því til Fiskistofu að nú þegar verði hafist handa við gerð verkferla við vigtun, að tímasett verði hvenær Fiskistofa mun taka yfir endurvigtun og hvernig megi koma í framkvæmd forskráningu upplýsinga um afla áður en löndun hefst.*

4. **Verkefnakort hafnasambandsins 2019 - 1903003HA**

   Lagt fram verkefnakort Hafnasambands Íslands fyrir árið 2019.

5. **Farþegaskip - 1901006HA**

   Lögð fram fréttatilkynning sem Cruise Iceland lét gera á áhrifum af komum farþegaskipa á efnahagslíf landsins. Könnunin var unnin í samstarfi við Hafnasamband Íslands en breska fyrirtækið GP Wild (International) and Business Research & Economic Advisors vann verkið.

6. **Fundargerðir Siglingaráðs - 1712003HA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 10., 12. og 13. fundar Siglingaráðs frá 8. nóvember 2018, 10. janúar og 7. febrúar 2019. Formaður sagði frá samskiptum sínum við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vegna tilnefningar hafnasambandsins í Siglingaráð.

*Ákveðið að senda fundargerðirnar á aðildarhafnir.*

7. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd - dagsektir, laumufarþegar o.fl. - 1903001HA**

Lagt fram erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 13. mars 2019, þar sem óskað er eftir umsögn um framvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd (dagsektir, laumufarþegar o.fl.), 642 mál. Einnig lögð fram drög að umsögn Hafnasambands Íslands, dags. 20. mars 2019, um frumvarpið.

*Stjórn hafnasambandsins samþykkir drög að umsögn. Starfsmanni falið að senda hana til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.*

8. **Hugbúnaðarlausnir fyrir umhverfismál - 1903002HA**

Farið var yfir kynningu á hugbúnaði til að styðja hafnir og eftirlitsaðila við rafrænt eftirlit með lögfylgni skipa og við upplýsingagjöf til hagaðila sem Faxaflóahafnir hafa unnið í samstarfi við Klappir Grænar Lausnir hf.

9. **Siglingasvið Vegagerðarinnar og tengsl við hafnir - 1903004HA**

Formaður gerði grein fyrir stöðu siglingasviðs Vegagerðarinnar.

*Stjórn Hafnasambands Íslands leggur þunga áherslu á að ákveðin grunnþjónusta, rannsóknir og rannsóknargögn vegna hafna og sjóvarna verði tryggð með vísan til þeirra þekkingar sem hefur myndast á siglingasviði og að eldri gögn verði gerð aðgengileg. Formanni falið að senda Vegagerðinni bréf um samráð og óska eftir að forstjóri Vegagerðarinnar mæti á næsta fund stjórnar hafnasambandsins.*

10. **Dagskrá hafnarfundar - 1901003HA**

Fræðslunefnd kynnti drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður 26. september 2019 í Þorlákshöfn.

Pétur Ólafsson vék af fundi kl. 13:10.

11. **Endurtilnefning í mengunarvarnaráð - 1809004HA**

Lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 22. febrúar 2019 þar sem Jón Björn Hákonarson frá Fjarðabyggð, er tilnefndur í mengunarvarnaráð, í stað Hákonar Ásgrímssonar, sem látið hefur af störfum hjá Fjarðabyggðahöfnum.

12. **Starfshópur til að vinna að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum - 1810026SA**

Rætt um hvaða áhrif endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum getur haft á hafnir. Ákveðið að fá Vigdísi Ósk Häsler Sveinsdóttur, lögfræðing Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa sambandsins í starfshópi sem vinnur að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum, inn á næsta stjórnarfund hafnasambandsins.

Fundi var slitið kl. 13:20

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Björn Arnaldsson

---

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson

# Fundargerð 869. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 15. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon og Jón Björn Hákonarson.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Eyþór Laxdal Arnalds boðuðu forföll en varamenn þeirra höfðu ekki tök á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Málsmeðferðarreglur siðanefndar sambandsins - 1806011SA**

| Heiti gististaðar: Kjarvalströð 14 | | Netfang: jakob.kristjansson@gmail.com | |
| Heimilsfang (starfsstöð): Kjarvalströð 14 | | Póstnúmer og staður: 356 Snæfellsbæ | Sími / Símar: 8925118 |
| Fasteignanúmer: F2295944 | | Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): 0 | |
| Er sótt um leyfi til útiveitinga? | Já: ○ Nei: ⊙ | Fjöldi gesta: | |
| Afgreiðslutími áfengis ( ef við á): | Virka daga frá kl: til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: til kl: | |
| Afgreiðslutími útiveitinga (ef við á): | Virka daga frá kl: til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: til kl: | |

**Hakið við flokk gististaða sem sótt er um leyfir fyrir. Leyfisgjald miðast við flokk staðar og skal greitt við afhendingu umsóknar. Flokkun gististaða: (Tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar með eða án áfengis).**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ☑ | Flokkur II | Gististaður án veitinga. | kr. 32.000.- |
| ☐ | Flokkur III | Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum. | kr. 40.000.- |
| ☐ | Flokkur IV | Gististaður með áfengisveitingum. | kr. 263.000.- |

**Tegundir gististaða – Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ☐ | A | Hótel | Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin baðstaða skal vera með hverju herbergi. |
| ☐ | B | Stærra gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ | C | Minna gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gert krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ | D | Gistiskáli | Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel). |
| ☐ | E | Fjallaskálar | Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús. |
| ☐ | F | Íbúðir | Íbúðahúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2 gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar. |
| ☑ | G | Frístundahús | Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin. |

GREITT
- 1 APR 2019
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
AKRANES

| **Gögn sem þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu umsókna.** Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirsvari lögaðila. | |
|---|---|
| *Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:* | *Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:* |
| a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.<br>c) Vottorð um búsforræði fyrirtækis og forsvarsmanns þess.<br>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð forsvarsmanns.<br>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.<br>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.<br>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. | a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð.<br>c) Vottorð um búsforræði.<br>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð.<br>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.<br>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.<br>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishaf um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. |

**Athugasemdir umsækjanda:**

**Staðfesting:**

☑ Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.

**Undirskrift:**

| *Staður og dagsetning:* | *Undirskrift umsækjanda:* |
|---|---|
| Hafnarfjörður 2.04.2019 | [signature] |
| Staður og dagsetning | Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda: |

**Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn:**

Liggi starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/heilbrigdiseftirlitssvaedin/

Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflað gögnum um búsetu ef óskað er.

Búsforræðisvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla https://www.domstolar.is/

Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/

Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.500,-

Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsóknar

Samþykkta teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafulltrúa í því sveitafélagi er fasteign er staðsett.

Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

MÓTTEKIÐ 02 FEB 2010

03 MAR 2010

Byggingarfulltrúinn í Snæfellsbæ
















**Byggingarlýsing**

Sumarbústaðurinn er staðbyggt timburhús, einangrað með a.m.k. 125mm þéttull í veggi. Þaksperrur eru úr timbri 50x200 mm. Þak er einangrað með 200mm þakull. Uppbygging þaks og veggja sbr. kennisnið.
Útveggir eru klæddir með standandi timburklæðningu.
Berandi byggingarhlutar skulu vera a.m.k. REI30, skv. reglugerð.
Sökklar og botnplata eru staðsteypt.
Í gluggum er tvöfalt K-gler. Vegið meðaltal U-gilda skal uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar.
Vatn og hreinlæti er samkv. gr. 115.3 í byggingareglugerð.
Laus stigi er við öll björgunarop á efri hæð.

**Stærðarmál**

| | |
|---|---|
| Flatarmál bústaðar, br. stærð | 93,0 m² |
| Gólf flatarmál | 73,0 m² |
| Flatarmál lóðar | 380,0 m² |
| Bílastæði | 1 |

- Ⓡ REYKSKYNJARI
- HSL HANDSLÖKKVITÆKI
- BO BRUNAOP
- LR LOFTRÆSTING
- GN GÓLFNIÐURFALL

VAR ÁÐUR GUÐRÍÐARGATA 11

| | | | |
|---|---|---|---|
| B | 04.11.09 | ÝMSAR BREYT. | H.Á |
| A | 17.11.08 | ÝMSAR BREYT. | H.Á |

Verkfræðistofa Hauks Ásgeirssonar e.h.f.
VHÁ
Lindasmári 12, 200 Kópavogur
Sími 564-4337 Farsími 897-8132
e-mail: haukurasg@simnet.is
Kennitala: 550600-3050

Hannað H.Á. | Teiknað H.Á. | Samþykkt: [signature] | Kennitala 301255-4829

KJARVALSTRÖÐ 14
HELLNAR - SNÆFELLSBÆ

SUMARHÚS
ÚTLIT, GRUNNMYND OG AFSTÖÐUMYND

| Mkv. | Teikn nr. | Verk nr. 200 |
|---|---|---|
| 1:100 / 1:500 | A-01 | Skráningar nr.: |
| Áritun aðalhönnuðar: [signature] | | Útgáfa / Dags. JÚN.05 |

**Kristinn Jónasson**

---

**From:** Daðey Þóra Ólafsdóttir Sýslumaðurinn á Vesturlandi <dadey@Syslumenn.is>
**Sent:** miðvikudagur, 3. apríl 2019 15:45
**To:** heilbrigdiseftirlit@vesturland.is; vinnueftirlit@ver.is; Kristinn Jónasson; Davíð Viðarsson; Slökkvilið Snæfellsbæjar; 'Slökkvilið Snæfellsbæjar'; vesturland@logreglan.is
**Subject:** umsagnarb.rek.G.II-Mýrarholt 5, Mýrarholti 5, Ólafsvík
**Attachments:** Ums.b.rek.G.II-Mýrarholt 5,Mýrarholti 5, Ólafsvík.pdf

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist umsókn Verslunarinnar Hrund ehf kt.601186-1959 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, sem reka á sem Mýrarholt 5, að Mýrarholti 5 (F2103729), 355 Ólafsvík.

Hjálagt fylgir umsóknin ásamt teikningu og umsagnarbeiðni.
Óskað er umsagna móttakenda þessa pósts.

kveðja,
Daðey.

---------------------------------------------------------
Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs
Sýslumaðurinn á Vesturlandi - Akranesi
sími 458 2352
dadey@syslumenn.is

## Kristinn Jónasson

| | |
|---|---|
| **From:** | Daðey Þóra Ólafsdóttir Sýslumaðurinn á Vesturlandi <dadey@Syslumenn.is> |
| **Sent:** | miðvikudagur, 3. apríl 2019 15:45 |
| **To:** | heilbrigdiseftirlit@vesturland.is; vinnueftirlit@ver.is; Kristinn Jónasson; Davíð Viðarsson; Slökkvilið Snæfellsbæjar; 'Slökkvilið Snæfellsbæjar'; vesturland@logreglan.is |
| **Subject:** | umsagnarb.rek.G.II-Mýrarholt 5, Mýrarholti 5, Ólafsvík |
| **Attachments:** | Ums.b.rek.G.II-Mýrarholt 5,Mýrarholti 5, Ólafsvík.pdf |

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist umsókn Verslunarinnar Hrund ehf kt.601186-1959 um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, sem reka á sem Mýrarholt 5, að Mýrarholti 5 (F2103729), 355 Ólafsvík.

Hjálagt fylgir umsóknin ásamt teikningu og umsagnarbeiðni.
Óskað er umsagna móttakenda þessa pósts.

kveðja,
Daðey.


--------------------------------------------------------

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs
Sýslumaðurinn á Vesturlandi - Akranesi
sími 458 2352
dadey@syslumenn.is

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Umsagnaraðilar
skv. 4. mgr. 10.gr. laga nr. 85/2007
og 1. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016

Akranesi, 3. apríl 2019.

**Mýrarholt 5 – Mýrarholt 5 (F2103729), 355 Ólafsvík**

Verslunin Hrund ehf kt.601186-1959 hefur sótt um leyfi til þess að reka gististað í flokki II, íbúðir, sem reka á sem Mýrarholt 5 að Mýrarholti 5 (F2103729), 355 Ólafsvík.

Hér með er óskað umsagna neðangreindra aðila skv. fyrirmælum 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsagna er óskað eigi síðar en **17. maí n.k.** sbr. 2. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016 en þar segir; *„Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar **eigi síðar en 45 dögum** frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi"* .

Umsóknin fylgir hér með ásamt teikningu.

Daðey Þóra Ólafsdóttir
sviðsstjóri þjónustusviðs

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3, 301 Akranes Heilbrigdiseftirlit@vesturland.is

Vinnueftirlit ríkisins vinnueftirlit@ver.is

Snæfellsbær, bæjarstjóri
Kristinn Jónasson, kristinn@snb.is

Snæfellsbær, skipulag-og byggingafulltrúi
Davíð Viðarsson, david@snb.is;

Slökkvilið Snæfellsbæjar
slokkvilid@snb.is; snaefellsbaer@eldvarnaeftirlit.is

Lögreglustjórinn á Vesturlandi vesturland@logreglan.is

**SÝSLUMENN**

# Umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar

skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

Veljið embætti

Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

| Umsækjandi: | | |
|---|---|---|
| Nafn einstaklings eða lögaðila: [illegible] | Kennitala: 60486-1919 | Netfang: Jbolapunkt@simnet.is |
| Heimilsfang: Ólafsbraut 55 | Póstnúmer og staður: 355 Ólafsvík | Sími / Símar: 892-3833 |
| Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): 07008- | | |

| Forsvarsmaður (sem ber ábyrgð á rekstrinum): | | |
|---|---|---|
| Fullt nafn: [illegible] | Kennitala: 170843-3129 | Netfang: Jbolapunkt@simnet.is |
| Lögheimili: Brautarholt 18. | Póstnúmer og staður: 355 Ólafsvík | Sími / Símar: 892-3833 |

| Upplýsingar um gististað: | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Heiti gististaðar: Mýrarholt 5, [illegible] | | | Netfang: Jbolapunkt@simnet.is | |
| Heimilsfang (starfsstöð): Mýrarholt 5 | | | Póstnúmer og staður: 355 Ólafsvík | Sími / Símar: 892-3833 |
| Fasteignanúmer: 210 / 3729. | | | Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): 1. | |
| Er sótt um leyfi til útiveitinga? | Já: ○ | Nei: ☒ | Fjöldi gesta: 4-6. | |
| Afgreiðslutími áfengis ( ef við á): | Virka daga frá kl: | til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | til kl: |
| Afgreiðslutími útiveitinga (ef við á): | Virka daga frá kl: | til kl: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | til kl: |

| Hakið við flokk gististaða sem sótt er um leyfi fyrir. Leyfisgjald miðast við flokk staðar og skal greitt við afhendingu umsóknar. Flokkun gististaða: (Tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar með eða án áfengis). | | | |
|---|---|---|---|
| ☒ | Flokkur II | Gististaður án veitinga. | kr. 32.000.- |
| ☐ | Flokkur III | Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum. | kr. 40.000.- |
| ☐ | Flokkur IV | Gististaður með áfengisveitingum. | kr. 263.000.- |

| Tegundir gististaða – Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir, eftir búnaði og aðstöðu fyrir gesti. | | |
|---|---|---|
| ☐ A | Hótel | Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin baðstaða skal vera með hverju herbergi. |
| ☐ B | Stærra gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ C | Minna gistiheimili | Gististaður með takmarkaða þjónustu. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gert krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. |
| ☐ D | Gistiskáli | Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel). |
| ☐ E | Fjallaskálar | Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús. |
| [illegible] ☒ F | Íbúðir | Íbúðahúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2 gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannaíbúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar. |
| ☐ G | Frístundahús | Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin. |

Gögn sem fylgja [illegible]

| Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið: | Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið: |
|---|---|
| a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.<br>✓c) Vottorð um búsforræði fyrirtækis og forsvarsmanns þess.<br>✓d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð forsvarsmanns.<br>✓f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.<br>✓g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.<br>✓h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. | a) Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.<br>b) Búsetuvottorð.<br>c) Vottorð um búsforræði.<br>d) Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.<br>e) Sakavottorð.<br>f) Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.<br>g) Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.<br>h) Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.<br>i) Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.<br>j) Staðfesting fyrri leyfishaf um að hann hafi hætt rekstri, ef við á. |

Athugasemdir um [illegible]

Íbúð á neðri hæð hússins lagður

(margin: [illegible] símtali 3/4 19)

[illegible]

☒ Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.

Undirskrift

| Staður og dagsetning: Ólafsvík 3/4 2019 | Undirskrift umsækjanda: [signature] |
|---|---|
| Staður og dagsetning: Ólafsvík 3/4. 2019. | Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda: [signature] |

Upplýsingar [illegible]

Liggi starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/heilbrigdiseftirlitssvaedin/

Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflað gögnum um búsetu ef óskað er.

Búsforræðisvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla https://www.domstolar.is/

Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/

Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.500,-

Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsóknar

Samþykkta teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafulltrúa í því sveitafélagi er fasteign er staðsett.

Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

## Útlit, grunnmynd, snið M 1:150

Afstöðumyn






kvitæki
rop
við björgunarop
ari
kvitæki

| | |
|---|---|
| VERK: Mýrarholt 5 Ólafsvík (Bern) Reyndarteikning | TEIKN. NR.: 102 |
| HLUTI: Útlit, grunnmyndir, snið og afstöðumynd. | KVARÐI: 1:150 |
| | BLAÐST.: A3 |
| DAGS: 01. 02.2018 — SAMÞ: | NR: 3 |

**Lúðvík V. Smárason kt. 290861-7649**
**Háarif 23a Rifi**
**360 Hellissandur**
**Símar: 4366771 - 868-5322**
**E-mail: lulli61@hotmail.com**

## Kristinn Jónasson

**From:** María Björk Ingvadóttir <mariabjork@n4.is>
**Sent:** mánudagur, 8. apríl 2019 16:32
**To:** Kristinn Jónasson
**Subject:** Beiðni um samstarf Snæfellsbæjar og N4 Að vestan
**Attachments:** Beiðni um kostun frá Snæfellsbæ 2019.docx

Sæll Kristinn,
Meðfylgjandi er formlegt erindi um samstarf Snæfellsbæajr við N4 Sjónvarp um gerð þáttaraðarinnar Að vestan árið 2019 en ætlunin er að koma fyrsta þætti ársins í loftið í lok apríl.

Bestu kveðjur vestur



Til Kristins Jónassonar, bæjarstjóra Snæfellsbæ

**Beiðni um kostun á Að vestan þáttum N4 sjónvarps árið 2019.**

N4 sjónvarp hefur frá árinu 2016 verið í samstarfi við Vestlendinga um gerð sjónvarpsefnis af svæðinu sem sýnt hefur verið í línulegri dagskrá stöðvarinnar.

Á þessu 3ja ára tímabili eru þættir að vestan orðnir 52 talsins, 26 klukkustundir af efni, yfir 200 innslög og viðmælendur skipta hundruðum. Þar að auki hafa verið sýndir nokkrir Föstudagsþættir, teknir upp á svæðinu.

Nákvæmar mælingar í Tímaflakki Símans árið 2018 staðfesta áhuga Íslendinga á þessum þáttum því af þeim rúmlega 38.000 sem fara inn í tímaflakkið í hverjum mánuði og ná sér í efni frá N4, er Að vestan þátturinn einn af topp 5 vinsælastur, á eftir Föstudagsþætti N4, Að austan og Að norðan.

Þarna má hiklaust færa góð rök fyrir því að vestlenskt mannlíf sé áhugavert, Vestlendingar hafa áhuga á menningu á svæðinu, brottfluttir Vestlendingar vilja kíkja aftur heim í gegnum skjáinn og landsmenn hrífast af þessu glaða og drífandi fólki. Svo má kannski draga það fram að umfjöllun N4 er á jákvæðum og uppbyggilegum nótum með afskaplega skemmtilegum þáttastjórnanda.

Erindi þessa bréfs er að óska eftir sambærilegum stuðningi við gerð þessara þátta og verið hefur síðustu ár.

N4 er í mjög góðu samstarfi við fagfólk af svæðinu, Heiðar Mar og Hlédísi, sem hafa verið með okkur frá upphafi. Það er okkur sönn ánægja að geta sagt að stærsti hluti þeirra styrkja sem sveitarfélögin á Vesturlandi leggja af mörkum í þáttaröðina verður eftir í heimabyggð í formi verktakagreiðslna til þeirra.

**Ef við fáum til þess styrki munum við gera 12 þætti á árinu eða 48 innslög, sem sýndir verða samhliða í línulegri dagskrá og á Facebókarsíðu N4, þar sem eru um 23 000 fylgjendur, frá og með lokum apríl .**
Áhorf á þætti stöðvarinnar á Facebook frá áramótum nálgast nú að vera um 900.000 sem er gífurleg aukning frá fyrra ári.

**Snæfellsbær** greiddi í fyrra 500.000 af miklum myndarskap og er óskað eftir sömu upphæð í ár.

Bestu kveðjur
*María Björk Ingvadóttir*
**Framkvæmdastjóri N4 – leiðandi á landsbyggðunum.**

SNÆFELLSBÆR

*Þar sem jökulinn ber við loft...*

Bt.
Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Snæfellsbær, 8. apríl 2019

**Efni: Arnarfell deiliskipulag**

Gerð var breyting á deiliskipulagi ferðaþjónustu á Arnarfelli í desember 2007 og öðlaðist það gildi snemma árs 2008. Gert var deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu sunnan Arnarstapavegar sem var samþykkt í apríl 2016. Það náði norður fyrir veg og olli breytingu á syðsta hluta deiliskipulags Arnarfells frá 2007, en engu var breytt varðandi skilmála fyrir lóð Arnarfells. Snemma árs 2018 var auglýst breyting deiliskipulags á lóð Arnarfells. Sú breyting hefur í för með sér breytingu skipulagsskilmála og byggingarskilmála fyrir lóð Arnarfells, en skipulags- og byggingarskilmálar fyrir þjónustulóðir milli suður lóðarmarka Arnarfells og Arnarbrautar verða óbreyttir.

Gerðar voru breytingar á deiliskipulagi ferðaþjónustu á Arnarfelli eftir auglýsingu vegna framkominna athugasemda. Ekki náðist að auglýsa breytingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda innan tilskilins frests. Breyting deiliskipulags þessa er því hér með auglýst aftur samkvæmt 1. málsgrein 41. gr skipulagslaga.

Óskað er eftir að bæjarstjórn samþykki endurauglýsingu deiliskipulagsins.

Virðingarfyllst,

Davíð Viðarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

SNÆFELLSBÆR TÆKNIDEILD

EarthCheck

Bréf til bæjarstjórnar

8. apríl 2019

Efni: Staða eldvarnahurða á leikskólanum Kríubóli

Fræðslu- og skólanefnd hefur verið upplýst um skýrslu brunavarnareftirlits frá árinu 2017 varðandi eldvarnarhurðar á Kríubóli. Svo virðist sem enn vanti 2 hurðar við eldhús. Nefndin setti sig í samband við slökkviliðsstjóra SNB sem gerir einnig athugasemd við þessar aðstæður. Leikskólastjóri hefur ítrekað þessar athugasemdir eftirlitsins frá árinu 2015 en án árangurs.

Í sömu skýrslu eftirlits kom einnig í ljós að brunavarnarkerfi beggja starfsstöðva, í Ólafsvík og Hellissandi, eru ófullnægjandi.

Við teljum þetta vera á ábyrgð bæjarstjórnar og óskum eftir að brugðist verði við þessu sem fyrst.

Óskum eftir svari fyrir maí-fund.

Virðingafyllst,

Fræðslu- og skólanefnd Snæfellsbæjar

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Form.Hilmar Björnsson

Snæfellsbæjar 09.04.2019

**Erindi**: Vegna tímasetningar skólaslita Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Undarfarin ár hafa skólaslit Grunnskóla Snæfellsbæjar verið á Klifi frá kl.12:00 og lengur. Mælst er til að foreldrar barnanna séu viðstödd skólaslitin. Við hjá leikskóla Snæfellsbæjar höfum gert allt sem við getum til að verða við ósk foreldra barna sem eru jafnframt starfsmenn leikskólans að þau fái tækifæri til að vera viðstödd skólaslitin.

Í fyrra gátu ekki allir farið sem vildu því að á þessum tíma er bæði matar- og svefntími barnanna. Þó svo að við höfum haft hádegismatinn fyrr en vanalega. Það er mjög leiðinlegt að sumir geti farið og aðrir ekki. Við getum ekki staðið upp og skilið börnin eftir efitlitslaus. Mér skilst að skólaslitin í ár verði á sama tíma og undanfarin ár þó svo ég hafi nefnt erfiðleika okkar varðandi þessa tímasetningu við skólastjóra grunnskólans.

Því er það von okkar að hægt sé að endurskoða þessa tímasetningu ef ekki nema að seinka athöfninni um 1 klst.

Virðingarfyllst

Ingigerður Stefánsdóttir

Leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar.

Afrit til formann fræslunefndar

Þorbjörgu Halldórsdóttur

SNÆFELLSBÆR

*Þar sem jökulinn ber við loft...*

Bt.
Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

**Efni: Lækkun á umferðarhraða og fjölgun umferðarmerkja**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkti auglýsingu um umferð í Snæfellsbæ (Mál: 1901006) þann 1. febrúar 2019 og sendi erindið til lögreglustjóra. Lögreglustjóri telur það óþarfa, skv. 81. gr. 4. mgr. umferðarlaga, að auglýsa formlega breytingar í B-deild Stjórnartíðinda heldur þarf einungis að gera honum grein fyrir nýjungum sem hann samþykkir með tölvupósti.

Á fundum umhverfis- og skipulagsnefndar í vetur hefur nefndin verið að skoða umferðarmál, þá einna helst merkingar og umferðarhraða. Í samvinnu við lögreglustjórann á Vesturlandi og Vegagerðina er ætlunin að hafa ökuhraða 30 km/klst í íbúðarhverfum en 50 km/klst á stofngötum í gegnum þéttbýliskjarna sveitarfélagsins. Ökuhraði á stofngötum verði síðan dregin niður með leiðbeinandi hraða t.d. við skóla og aðra staði sem þörf er á.

Rannsóknir sýna að það þykir ruglingslegt að nota skiltaðan hraða sem endar á tölunni 5. Ástæður fyrir 30 km hraða í íbúðarhverfum byggja svo á vísindalegum forsendum um þolmörk óvarinna vegfaranda í árekstrum við ökutæki. Með auknum hraða aukast líkur hratt á banaslysi, úr hverfandi líkum á banaslysi við 30 km hraða í yfir 30% líkum á banaslysi á 40 km hraða.

Í fyrstu er ætlunin að merkja og skipta út skiltum með umferðarhraða ásamt því að bæta við umferðarmerkjum fyrir einstefnu, biðskyldu, gangbrautir, hraðahindranir og botnlanga. Í framhaldinu verði síðan metið hvar huga þarf að hraðatakmarkandi aðgerðum með hraðahindrunum, þrengingum, hliðrunum, miðeyjum, hraðaáminningarskiltum og þeim lausnum sem henta hverjum stað.

Virðingarfyllst

Davíð Viðarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

SNÆFELLSBÆR TÆKNIDEILD




EarthCheck

## Áætlun um tekjur og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019
## Fjárhæðir í þús.króna

| Áætlaðar tekjur | Hlutfall | 2019 | Áætluð skerðing v. frystingar 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| **Framlag ríkissjóðs** | | **20.567.296** | **1.217.746** | **2.158.421** |
| Hlutfall af innheimtum skatttekjum | 2,111% | 16.483.216 | | |
| Framlag af álagningarstofni útsvars | 0,264% | 4.084.080 | | |
| | | | | |
| **Framlag sveitarfélaga** | | **29.800.000** | | |
| Hlutdeild í útsvarstekjum v/ grunnskóla | 0,77% | 13.037.500 | | |
| hlutdeild í útsvarstekjum v/ fatlaðs folks | 0,99% | 16.762.500 | | |
| | | | | |
| **Önnur framlög frá ríki** | | **1.261.200** | | |
| | | | | |
| **Fjármagnsliðir (nettó)** | | **188.000** | | |
| | | | | |
| **Samtals** | | **51.816.496** | | |

| Áætluð framlög | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Útgjaldajöfnunarframlög | 9.775.000 | * | * |
| Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna | 4.961.383 | * | * |
| Tekjujöfnunarframlag | 1.250.000 | * | * |
| | | | |
| **Málefni fatlaðra:** | | | |
| Framlög vegna málaflokks fatlaðra | 16.762.500 | | |
| Ríkisframlag vegna fatlaðs fólks | 1.834.938 | * | * |
| | | | |
| **Framlög vegna grunnskóla:** | | | |
| Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla | 9.190.000 | | |
| Framlög vegna sérþarfa fatlaðar nemenda | 2.464.925 | | |
| Framlög vegna nýbúafræðslu | 351.260 | | |
| | | | |
| **Önnur framlög:** | | | |
| Framlög vegna tónlistarfræðslu | 555.500 | | |
| Framlag vegna lengdrar viðveru | 30.000 | | |
| Famlög vegna NPA | 425.700 | | |
| Framlög úr fasteignasjóði | 250.000 | | |
| | | | |
| Framlög til Sambands íslenskra sveitarfélaga | 486.937 | * | * |
| Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga | 274.663 | * | * |
| | | | |
| Annað | 3.203.690 | * | * |
| | | | |
| **Samtals** | **51.816.496** | | |

***Framlög sem verða fyrir áhrifum vegna frystingar ríkisframlags, skv. fjármálaáætlun.***

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Snæfellsnesbær
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Reykjavík 27. mars 2019
Tilv. 1903130/2.6.2

**Efni: Tilmæli vegna skjalavörslu og skjalastjórnar sveitarstjórnarskrifstofunnar - Snæfellsnesbær**

Í nóvember 2017 gerði Þjóðskjalasafn Íslands rafræna könnun á skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns Íslands. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um stöðu skjalavörslu sveitarstjórnarskrifstofanna til að styrkja ráðgjöf, þjónustu og eftirlit Þjóðskjalasafns og kanna hvernig þær uppfylla þau lög og reglur sem skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila eru settar.

Úr svörum þinnar sveitarstjórnarskrifstofu má lesa að huga þarf betur að skjalavörslu og skjalastjórn. Í svörunum komu fram eftirfarandi atriði sem er ábótavant varðandi skjalavörslu og skjalastjórn:

- Upplýsingar um mál og málsgögn sem berast eru ekki skráð. Um skráningu mála og málsgagna gilda reglur nr. 85/2018 um skráningu mála og málsgagna afhendingarskyldra aðila þar sem kveðið á um skylduna til þess að skrá mál og málsgögn á kerfisbundinn hátt.
- Málalykill er ekki til fyrir málasafn sveitarstjórnarskrifstofunnar. Um málalykla afhendingarskyldra aðila gilda reglur nr. 572/2015 og ber að fá þá samþykkta af Þjóðskjalasafni áður en þeir eru teknir í notkun.
- Málasafni sveitarstjórnarskrifstofunnar er ekki raðað eftir málalyklinum sem er í notkun. Í reglum nr. 572/2015 um málalykla afhendingarskylda aðila segir: „Málasafn skal flokka þannig að mál sem varða sama verkefni lendi í sama flokki".
- Varðveisla tölvupósta er ekki tryggð. Afhendingarskyldum aðilum ber að tryggja varðveislu allra gagna sem hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið í starfsemi þeirra, þ.m.t. tölvupósts, sbr. ákvæði laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Tölvupóstar sem varða mál skal varðveita á skipulegan hátt í skjalasafni sveitarstjórnarskrifstofunnar en ekki t.d. í tölvupósthólfum.
- Ekki er notuð skjalavistunaráætlun yfir skjalasafn sveitarstjórnarskrifstofunnar. Um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila gilda reglur nr. 571/2015 um skjalavistunaráætanir afhendingarskyldra aðila þar sem kveðið er á um skylduna að nota slíka áætlun og fá hana samþykkta af Þjóðskjalasafni Íslands.
- Gagnagrunnar í notkun hjá sveitarstjórnarskrifstofunni hafa ekki verið tilkynntir til Þjóðskjalsafns Íslands í samræmi við reglur nr. 625/2010 um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila.

Þeim tilmælum er beint til sveitarstjórnarskrifstofunnar að bæta úr þessum málum og eru skjalaverðir Þjóðskjalasafns Íslands tilbúnir að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við úrlausn verkefnanna. Hægt er að hafa samband í síma 590-3300 eða á netfangið skjalavarsla@skjalasafn.is.

Vert er að benda á það að næst verður eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa framkvæmd árið 2021 en á áætlun er að þær séu gerðar á fjögurra ára fresti.

Virðingarfyllst,

Njörður Sigurðsson
sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

*Jöfnunarsjóður sveitarfélaga*

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382
postur@srn.is srn.is

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Reykjavík 4. apríl 2019
Tilv.: SRN19040014/7.19.2

Efni: Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk 2019

Um síðastliðin áramótin tók í gildi ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018. Í B-hluta 14. greinar reglugerðarinnar, sem fjallar um útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins, kemur inn nýtt viðmið sem ætlað er að koma til móts við kostnað vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli. Tilkoma þessa nýja viðmiðs útgjaldajöfnunarframlaganna má rekja til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 sem samþykkt var á Alþingi 11. júní á síðasta ári. Umfjöllun um þennan lið þingsályktunartillögunnar má finna undir lið A.12 sem er akstursþjónusta úr dreifbýli, en markmiðið er styðja við skipulagða akstursþjónustu úr dreifbýli fyrir fatlað fólk.

Úthlutun framlagsins byggir á umsóknum frá sveitarfélögum og verður útreikningur framlagsins með svipaðri aðferðafræði og framlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli en þar er tekið mið af akstursvegalengd og fjölda farþega. Áætlað er að heildarframlag vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli muni nema um 50 m.kr. á árinu 2019.

Óskað verður eftir umsóknum frá sveitarfélögum síðar á árinu og þau beðin um að fylla út þar til gert umsóknareyðublað. Á sama tíma koma nánari útskýringar um hvernig eigi að fylla út umsóknareyðublaðið.

Fyrir hönd ráðherra

Guðni Geir Einarsson

Gústav Aron Gústavsson

**Yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga**

**í tengslum við lífskjarasamninga 2019 - 2022**

Til að stuðla að verðstöðugleika mun Samband íslenskra sveitarfélaga mælast til þess við sveitarfélögin að þau hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda.

Einnig mun sambandið mælast til þess við sveitarfélögin að á árinu 2020 muni gjöld á þeirra vegum hækka um 2,5% að hámarki, en minna ef verðbólga er lægri.

Reykjavík, 3. apríl 2019

F. h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



BRUNABÓT

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 HELLISSANDI

Kópavogi, 25. mars 2019.

**Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2019.**

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn **eina** umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður". Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er **umsóknarfrestur til aprílloka**.

*Vil ég vekja sérstaka athygli á því í reglum úthlutunarsjóðs er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykkt á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.*

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins. Ykkur til glöggvunar hlaut sveitarfélagið síðast styrk árið 2018.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna ***sérstakra framfaraverkefna*** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku ***umsóknareyðublaði.***

Allar frekari upplýsingar viðvíkjandi styrktarsjóðinn gefa undirrituð og Anna Sigurðardóttir, á skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is, ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Sigrún Sveinbjörnsd.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir.
Fulltrúi.

FULLVELDI ÍSLANDS

**Fréttatilkynning 9. apríl 2019**

## 287 þúsund gestir sóttu viðburði aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Út er komin skýrsla afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands þar sem m.a. má finna upplýsingar um framkvæmd afmælisársins og yfirlit yfir öll verkefni sem skráð voru á dagskrá afmælisársins.

**Helstu niðurstöður:**

- 459 viðburðir voru skráðir á dagskrárvef afmælisársins. Þar af voru 268 styrktir af afmælisnefnd, að undangenginni auglýsingu og valferli, og 191 þátttökuviðburður.
- 287 þúsund gestir sóttu viðburði sem skráðir voru á dagskrárvef afmælisársins og voru tæplega 15 þúsund einstaklingar virkir þátttakendur í viðburðunum.
- Áætlanir afmælisnefndar, bæði verkefna- og fjárhagsáætlun, stóðust og skilar nefndin af sér innan fjárheimilda.

Meðfylgjandi er skýrsla afmælisnefndar þar sem m.a. er að finna yfirlit um þau verkefni sem afmælisnefnd var falið samkvæmt þingsályktun sem og yfirlit yfir öll verkefni sem voru skráð á dagskrárvef afmælisársins.

Afmælisnefnd þakkar öllum þeim sem stóðu fyrir viðburðum á afmælisárinu sem og þeim sem sóttu þá fjölbreyttu viðburði sem fram fóru og áttu stóran þátt í að gera afmælisárið eftirminnilegt. Með virkri þátttöku stofnana, félagasamtaka, sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja er óhætt að segja að afmælisárið hafi tekist vel og byggir það ekki síst á frumkvæði, hugmyndaauðgi og þátttöku landsmanna.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri (862 2277), ragnheidurjona@fullveldi1918.is, og Einar K. Guðfinnsson, formaður (892 7628), ekg@ekg.is.

Mynd með fréttatilkynningu: Einar K. Guðfinnsson formaður afmælisnefndar og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri afhentu forsætisráðherra skýrslu afmælisnefndar. Frá vinstri: Ragnhildur Arnljótsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

---

**Nefnd á vegum Alþingis**

Haustið 2016 kaus Alþingi nefnd með fulltrúum allra þingflokka er skyldi undirbúa hátíðahöld árið 2018. Nefndin starfaði samkvæmt þingsályktun um hvernig minnast skyldi aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands þar sem kveðið var á um verkefni nefndarinnar:

1. láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918;

2. stofna til sýningar í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar;

3. stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu svo að fornar bókmenntir Íslendinga séu jafnan öllum tiltækar, jafnt á bók sem stafrænu formi;

4. hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918.

Auk þess hélt nefndin utan um heildardagskrá afmælisársins á vefsíðunni fullveldi19181.is



# Húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2019-2027